

Blátunnan

Blátunnan með **bláu** loki til aðgreiningar frá **Grátunnunni** sem er með **gráu** loki. Í **Blátunnuna** á að flokka pappírsúrgang, þ.e. dagblöð, hvítan prentpappír, sléttan pappa eins og fernur og morgunkornskassa. **Blátunnan** er losuð á átta vikna fresti og innihaldinu ekið til SORPU sem annast böggun og útflutning á efninu til endurvinnslu.

Hagræðing af blátunnu

Með því að flokka allan pappír frá heimilissorpinu og safna honum sér til afsetningar sparast umtalsverðir fjármunir þar sem afsetning hvers kg. hjá Sorpu er allt að 60% ódýrari úr **Blátunnunni** en afsetning á hverju kg. af heimilissorpi.

Annar ávinningur af Blátunnu

Sorp er í raun hráefni á villigötum, en með þessari tilhögun í sorphirðu er reynt að ná pappír úr straumi blandaðs úrgangs sem er á leið til urðunar. Með því að endurnýta pappírinn sparast hráefni, kemísk efni og orka sem annars þarf í meira mæli þegar pappír er unnin úr trjám. Nýlegir útreikningar sem verkfræðistofan Línuhönnun gerði fyrir Sorpstöð Suðurlands sýnir að flokkun og endurvinnsla á dagblöðum og pappír sem fellur til á Suðurlandi leiðir til sparnaðar útblástur á sem nemur 130 persónueiningum (pe) af gróðurhúsalofttegundum. Þetta magn jafngildir yfir 1.1 milljón kílóum af koltvísýringi (CO2) árlega. **Blátunnan** er aukin þjónusta við íbúa þar sem ekki þarf að safna blöðum og öðrum pappír innandyra milli ferða út í grenndargámana. **Blátunnan** tekur við fleiri pappírsflokkun en grenndargámakerfið gerir sem hefur verið starfrækt í sveitarfélaginu.

Hvað á að flokka í Blátunnuna.

Pappír og sléttur pappi er endurvinnanlegur pappi og pappír, svo sem dagblöð, tímarit, auglýsingapóstur, prentpappír, hreinar og tómar umbúðir úr sléttum pappa, fernur, morgunkornspakkar, eggjabakkar og pakkingar utan af matvælum s.s kexi og pasta. Svo ekki komi ólykt við geymslu skal skola fernurnar vel áður en þeim er skilað

Athugið: Mikilvægt er að fjarlægja allar matarleifar eða plastumbúðir sem kunna að leynast í pappaubúðum. Losið því blöðin úr plastpokum eða öðrum umbúðum og setjið þau í lausu í **Blátunnuna**. Pressið umbúðirnar vel saman - það kostar að flytja loft.

Hvað verður um flokkaða pappírinn ?

Allur flokkaður pappírs- og pappauúrgangur endar í móttökustöð SORPU í Gufunesi. Hann er síðan sendur erlendis þar sem hann er enduruninn í margvíslegar afurðir, s.s. eldhúspappír, salernispappír o.fl. Umbúðir úr sléttum pappa eru sendar til endurvinnslu og úr hverjum fimm kössum er hægt að búa til fjóra nýja.

Staðsetning og frágangur tunnu.

Til þess að losun **Blátunnunnar** gangi sem best fyrir sig er ætlast til að tunnan sé staðsett með **Grátunnunni** nálægt söfnunarleið. Rétt er að geyma tunnurnar þannig að þær fjúki ekki og nota til þess sorptunnuskýli eða einfaldar festingar sem tefja ekki losun þeirra.

Árangur flokkunar

Sveitarfélagið mun reglulega tilkynna í fréttabréfinu um árangur söfnunarinnar og annað það er varðar endurvinnslu úrgangs úr sveitarfélaginu.